

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Haraldur Sigurðsson
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
14 DES. 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. desember 2009
Tilvísun: UST20090900015/ksj

Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024. Suðvesturlínur. Búrfellslína 3, Kolviðarhóslína 2, Sandskeiðslína 1.

Niðurfelling: Hamraneslína 1 og 2 og Sogslína 2

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Breytingin er sú að byggja á nýjar háspennulínur, sem eru: Kolviðarhóslína 2, (Sandskeið að Stórhöfða, Hrauntungum eða Straumssel), í legu núverandi línu (Búrfellslínu 3b) í Húsafellsbruna vestan Sandfells, Búrfellslína 3 (Sandskeið að Stórhöfða, Hrauntungum eða Straumseli) samsíða (vestan) Kolviðarhóslínu 2 (245 kV) í Húsafellsbruna vestan Sandfells og Sandskeiðslína 1 (400kV). Sogslína 2 verður rifin niður frá Sandskeiði að Geithálsi og Hamraneslína 1 og 2 verða rifnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024 og umhverfisskýrslu.

Á uppdrætti með breytingartillögunni eru skýringarmyndir sem sýna núverandi raforkuflutningskerfi annars vegar og fyrirhugaðar breytingar á raforkuflutningskerfi hins vegar. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að mörk Bláfjallafólkvangs og Reykjanesfólkvangs eru ekki sýnd á skýringarmynd er sýnir fyrirhugaðar breytingar á raforkuflutningskerfinu.

Umhverfismat

Áhrif á fuglalíf.

Í umfjöllun um fuglalíf kemur eftirfarandi fram: „Töluvert hefur verið um fugladauða vegna áflugs á Hamraneslínur. Með auknum línufjölda og nýjum mastursstæðum má gera ráð fyrir að búsvæði raskist og áflugshætta aukist.“ Í samantekt umhverfisáhrifa ofangreindra framkvæmda á fuglalíf eru áhrifin talin 0 eða óveruleg. Að mati Umhverfisstofnunar er hér um misræmi að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að áhrif framkvæmdanna á fuglalíf eru neikvæð, þótt draga megi úr þeim með mótvægisáðgerðum.

Jarðfræði og jarðmyndanir

Í umfjöllun um jarðfræði og jarðmyndanir kemur fram að : „*Bein áhrif á jarðfræði svæðisins vegna lagningar háspennulína verða vegna rasks við slóðagerð og gerð masturssvæða*“. Einnig kemur fram að notaður verður eldri slóði, og að aðeins þurfi að leggja afleggjara út að plönnum út frá gamla slóðanum. Síðan segir: „*Ný masturssvæði og afleggjarar verða að mestu leyti á nútímahraunum á þessum kafla*“. Að mati Umhverfisstofnunar er samkvæmt þessu ósamræmi í skýrslunni þegar umhverfisáhrif á jarðfræði og jarðmyndanir eru metin 0 eða óveruleg í matstöflu.

Áhrif á landslag og sjónræna þætti

Í umfjöllun um áhrif línanna á landslag og sjónræna þætti kemur fram að neikvæð sjónræn áhrif aukist á því svæði þar sem línur fylgja úr einni í þrjár, eða eins og segir í skýrslunni: „*Á heildina litið mun breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur hafa neikvæð sjónræn áhrif á þeim svæðum þar sem línur mun fjölga*“. Að mati Umhverfisstofnunar hverfa umhverfisáhrif þeirra framkvæmda ekki við það að aðrar línur eru rifnar. Þrjár nýjar línur, ný Kolviðarhólslína, Búrfellslína og Sandskeiðslína munu hafa neikvæð áhrif á landslag og neikvæð sjónræn áhrif. Vissulega er það jákvætt að Hamraneslínur verða fjarlægðar, en neikvæð áhrif nýrra framkvæmda hverfa ekki þrátt fyrir það.

Náttúruminjar

Í umfjöllun um náttúruminjar kemur fram að línuleið mun liggja um Bláfjallafólkvang. Bláfjöll urðu fólkvangur 1973, en friðlýsing endurskoðuð 1985. Í skýrslunni segir að þar sem fyrirhugaðar háspennulínur í Bláfjallafólkvangi muni liggja samhliða núverandi línu til að lámarka rask sé ekki farið inn á óröskuð svæði. Þetta er í mótsögn við það sem fram kemur í umfjöllun um áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, sjá ofangreint. Þar segir að áhrif á jarðmyndanir verði af völdum slóðagerðar og gerð masturssvæða. Bláfjallafólkvangur er friðlýstur m.a. vegna fjölbreyttra jarðmyndana. Umhverfisstofnun tekur ekki undir álit sveitarfélagsins um að áhrif af lögnum háspennulína um Bláfjallafólkvang séu óveruleg.

Neysluvatn og vatnsvernd


Umhverfisstofnun tekur undir að mengunarhætta af völdum framkvæmda og umferðar er til staðar. Einnig tekur stofnunin undir að með því að fylgja öryggisreglum er hægt að lámarka hættuna á mengunarslysum. Að mati Umhverfisstofnunar er sérstaklega mikilvægt að hætta á olíumengunarslysum verði útilokuð.


Niðurstaða

Eins og fram kom í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024, er varðar suðvesturlínur dags. 5. maí sl. þá telur stofnunin að nýjar háspennulínur muni hafa mikil sjónræn áhrif og áhrif á útivistargildi þess svæðis er þær fara um, en að áætlunin sé ásættanleg þar sem nýjar línur verði lagðar samsíða þegar röskuðu línustæði. Umhverfisstofnun telur líkt og í fyrri umsögn að niðurstaða framkvæmdarinnar fari mjög eftir þeim vinnubrögðum sem beitt verður við sjálfa framkvæmdina. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemd við ofangreinda áætlun en telur að undirbúningur og vinnubrögð við framkvæmdina sjálfa þurfi að vera mjög vönduð enda farið um fólkvanga.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun